

Samstarfsnefnd um fjölbrautarskóla

á Suðurnesjum.

10. fundur.

Tíundi fundur nefndarinnar var haldinn í húsnæði Iðnskóla Suðurnesja, þriðjudaginn 22. júní 1976 kl. 17⁰⁰.

Mettir voru: Gunnar Sveinsson, Sigurður Ólafsson, Guðrún Sigurðardóttir, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Ingólfur Halldórsson og Sigurður E. Þorkelsson, yfirkennari Gagnfræðskóla Keflavíkur.

Formaður setti fund og gat þess að nú þegar hefði verið auglýst eftir skólameistara við fjölbrautarskólann á Suðurnesjum með umsóknarfresti til 12. júlí n.k.

Ingólfur Halldórsson taldi nauðsynlegt að auglýsa eftir væntanlegum nemendum, sem ekki hefðu þegar látið innritast og var honum falið að koma auglýsingu í fjölmiðla. Innritun skal fara fram vikuna frá 28. júní til 2. júlí.

Eftir að innritun hefur farið fram verður unnt að vinna frekar að mótun hins fyrsta skálaárs.

Samþykkt var að gera nokkrar breytingar á samningsuppkasti um stofn- og rekstrarkostnað Fjölbrautarskóla Suðurnesja. Hjelagt fylgir uppkast um samkomulag sveitarfélaganna um þátttöku í stofn- og rekstrarkostnaði Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

Ef bæjar- og sveitarstjórnir telja frekari breytinga þörf óskast þær breytingar sendar nefndinni sem fyrst.

Allmiklar umræður urðu um hvernig leysa bari þörf nemenda úr fjarlægari byggðarlögum um aðstöðu til dvalar milli ferða og kaupa á léttum máltíðum við hóflegu verði. Ýmsar hugmyndir komu fram, sem nánar verða kannaðar.

Hjá nefndinni komu fram hugmyndir um að sveitarfélögin á Suðurnesjum þyrftu að ráða starfsmann sem sœi um ýmis sameiginleg málefni sveitarfélaganna svo sem rekstur fjölbrautarskólans.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Fundarritari var Jón Hólmgeirsson.